

3. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

Kennarar: Elísabet, Gunna Sigga og Kristbjörg

Nemendur: 52

Tíma fjöldi: 1

Menntagildi námsgreinar:

Í upplýsinga- og tæknimennt felst miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla er megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Hver nemandi þarf markvissa þjálfun í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Í Heiðarskóla er upplýsinga- og tæknimennt alla jafna kennd í gegnum aðrar námsgreinar og má því sjá þau viðfangsefni og markmið þeirra í bekkjarnámskrám annarra greina.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor) er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Vinnulag og viðbrögð	Nemandi getur: - nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms, - nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag, - sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn, - gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði, - beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum,	- Vinna í tölvuveri í einstaklings- og hópavinnu. - Ýmsir vefir eða forrit eru notuð til að efla skilning nemenda á námefninu.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	- leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu, - nýtt rafrænt og gagnvirk tæknibúnaði,	Vinna í tölvum og spjaldtölvum í einstaklings og hópavinnu.

	• unnið með heimildir, • nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,	
Tækni og búnaður	• notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni, • notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu,	• Vinna í tölvum og spjalddölvum í einstaklings og hópavinnu.
Sköpun og miðlun	• notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt,	• Vinna í tölvum og spjalddölvum í einstaklings og hópavinnu.
Siðferði og öryggismál	• farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun.	• Vinna í tölvum og spjalddölvum í einstaklings og hópavinnu.
Námsmat: Hæfni í upplýsinga- og tæknimennt er metin í öðrum námsgreinum.		
Kennslugögn: Word og eftirfarandi námsvefir: Klukkan, Plúsdæmi fyrir 1. - 4. bekk, Plús, mínus og margföldun, Þrír í röð – margföldun, Skiptu jafnt – deiling, Mínusdæmi fyrir 1. - 4. bekk, Teningar, Fingrafimi, Stærðfræðipöddur, Þríhyrningar og Ferhyrningar. Eldgrímur, Að skrifa rétt, Ritum rétt, Orðagull, , Orðakistur Krillu og Orðaleikir. Gullkistan, Umferðavefurinn, Lífsferlar, Íslensku húsdýrin, Fuglavefur, Skógrækt og Íslenski plöntuvefurinn, www.skolavefurinn.is		